

Fundargerð
15. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, miðvikudaginn 27. september 2017, kl. 08:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Haraldur Línadal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður Strætó bs., Reykjavík
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ
Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Sverrir Óskarsson, Kópavogi
Guðlaug Kristinsdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2017

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

- a) Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2018 sem kynntar voru á 14. eigendafundi byggðasamlagsins 4. september sl.
- b) Viðauki við forsendur fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2018, dags. 27. september 2017, þar sem gerð er grein fyrir úrvinnslu stjórnar og framkvæmdastjórnar byggðasamlagsins á grundvelli umræðna á eigendafundi 4. september sl.

Stjórnarformaður Strætó bs. gerði grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið á meginforsendum fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir 2018 á milli eigendafunda.

Umræður

Niðurstaða:

Með vísan til fyrirbyggjandi gagna sbr. a) og b) lið hér að framan og umræðna á fundinum samþykkir eigendafundur Strætó bs. að byggðasamlagið fái aukið framlag frá eigendum á árinu 2018, miðað við árið 2017, í samræmi við það sem fram kemur í viðaukabláði sbr. b) lið hér að framan, með þeim fyrirvara að díselgjald sem þar er gert ráð fyrir verði ekki tekið inn á fjárhagsáætlun ársins 2018 meðan frumvarp til fjárlaga hefur ekki verið samþykkt og ekki liggur fyrir hvort álagning þess verður að veruleika.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:20

Páll Guðjónsson, fundarritari.